

Ritfregnir

Orðabókafraeði og orðasöfn

LexicoNordica 28. Nordiske ordbøker og normer. Ritstjórar: Sturla Berg-Olsen og Anna Helga Hannesdóttir. Nordisk förening för lexikografi. 2021. (239 bls.) ISSN 0805-2735 og ISSN 1891-2206 (vefútgáfa).

Þema *LexicoNordica* að þessu sinni er viðmið (d. *normer*) í norrænum orðabókum. Í heftinu eru átta fræðigreinar auk tveggja ritdóma um norræn orðabókaverk sem bæði voru gefin út á netinu. Höfundar ritrýndu greinanna koma víða við. Sem dæmi má nefna grein Berg-Olsen sem fjallar um viðmið í norsku orðabókunum *Bokmålsordboka* og *Nynorskordboka*. Í greininni reifar höfundur ýmis álitafni sem koma upp við gerð orðabóka, t.d. tilvik þar sem opinber viðmið og raunveruleg notkun málnotenda fara ekki saman. Einnig fjalla Blensenius, Holmer og Sköldberg um nýjustu útgáfu sænsku stafsetningarorðabókarinnar, *Svenska Akademiens ordlista* (2015), hlutverk hennar og tengsl við aðrar sænskar orðabækur. Í heftinu eru þrjár greinar um íslenskt nútímamál. Helga Hilmisdóttir skrifar um orðræðuagnir í samtölum og reifar helstu einkenni þeirra. Tilgangur greinarinnar er meðal annars að móta viðmið sem styðjast má við þegar lýsa skal hlutverki og notkun orðræðuagna í norrænum orðabókum. Ari Páll Kristinsson skoðar í grein sinni aðkomuorð í tveimur íslenskum orðabókum, *Íslenskri stafsetningarorðabók* og *Íslenskri nútímamálsorðabók*, ber orðaforðann í þessum verkum saman og veltir fyrir sér hvernig hlutverk orðabókanna hefur áhrif á flettuval. Grein Jóhannesar B. Sigtryggssonar fjallar svo um viðmið í *Íslenskri stafsetningarorðabók* sem gefin var út sem vefsíða hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Að lokum er ein grein sem fellur utan við þema heftisins en í henni kynnir Simonsen niðurstöðu rannsóknar á framtíðarsýn

evrópskra orðabóka- og tölvunarfræðinga. Greinin, *Strategiske overvejelser for nordisk leksikografi*, byggist á viðtölum við 30 fræðimenn víðs vegar að úr heiminum. Greinarnar í heftinu eru skrifaðar á dönsku, norsku og sænsku og hver grein hefst á stuttum útdrætti á ensku. Ritið verður aðgengilegt í heild sinni á eftirfarandi slóð frá janúar 2023: <https://tidskrift.dk/lexn/index>.

Ágústa Þorbergsdóttir, Salka Guðmundsdóttir og Silja Bára Ómarsdóttir (ritstj.). *Íðorðasafn í alþjóðastjórnmalum og stjórnmálafræði. Enskt-íslenskt. Önnur útgáfa. Íðorðarit Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum 7*. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar íslenskum fræðum. (56 bls.) 2021. ISBN 978-9979-654-60-5.

Út er komin ný og uppfærð útgáfa af *Íðorðasafni í alþjóðastjórnmalum og stjórnmálafræði*. Í kverinu er að finna 533 ensk hugtök ásamt íslenskum þýðingum. Hugtökin eru skýrð og stundum fylgja einnig athugasemdir og tilvísanir í skyld hugtök. Í nýju útgáfunni er að finna ýmis nýyrði á sviði fjölmiðla- og boðskiptafræði sem hafa verið áberandi í opinberri umræðu undanfarin misseri. Þar má nefna hugtök eins og t.d. *information disorder – upplýsingaóreiða* ‘það að röngum eða villandi upplýsingum er dreift viljandi eða óviljandi’, *information pollution – upplýsingamengun* ‘það að óparfar, óumbeðnar eða lélegar upplýsingar draga athygli frá upplýsingum sem skipta raunverulegu máli’ og *filter bubble – síubóla* ‘sú hugmyndafræðilega einangrun sem sprettur af því þegar algóritmar sía upplýsingar þannig að netnotendur mæta aðeins upplýsingum og viðhorfum sem endurspegla þeirra eigin’. Annað fræðasvið sem hefur verið áberandi í opinberri umræðu er kynjafræði. Af nýjum hugtökum má nefna *toxic masculinity – eitruð karlmennska* ‘hegðun og viðhorf sem eignuð eru karlmönnum og teljast hafa neikvæð áhrif á líf þeirra sem og samfélagið allt’. Verkefnið hlaut styrk úr Málræktarsjóði. Salka Guðmundsdóttir, MA nemi í þýðingum og meistaranemi í alþjóðasamskiptum, sá um vinnuna í samstarfi við Ágústu Þorbergsdóttur, ritstjóra *Íðorðabanka Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*, og Silju Báru Ómarsdóttur, prófessors í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Kverið er aðgengilegt bæði í prentaðri útgáfu sem og á rafrænu formi í *Íðorðabanka Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum* (sjá <https://idordabanki.arnastofnun.is/>).

Málfræði og málnotkun

Ritið: 3/2021. Áhrif stafrænnar tækni og miðla á íslenskt mál og menningu. Eiríkur Rögnvaldsson og Sigríður Sigurjónsdóttir. 2021. (268 bls.) DOI: 10.33112/ritid.21.3.1.

Ritstjórar þessa tölublaðs *Ritsins* eru Eiríkur Rögnvaldsson og Sigríður Sigurjónsdóttir, verkefnisstjórar öndvegisverkefnisins Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis. Þegar verkefninu lauk í lok árs 2019 kviknaði sú hugmynd að efna til greinasafns þar sem stafræn áhrif á íslensku yrðu skoðuð frá ýmsum hliðum. Í heftinu eru sjö greinar sem tengjast þessu þema og fjalla þær allar um íslenskt mál. Fyrstu tvær greinarnar eru unnar upp úr efni sem safnað var innan öndvegisverkefnisins. Iris Edda Nowenstein og Sigríður Sigurjónsdóttir fjalla í skrifum sínum um áhrif ensks ílags og málnotkunar á mál færni íslenskra barna. Hildur Hafsteinsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þorbjörg Þorvaldsdóttir skoða hins vegar áhrif ílags, aldurs og viðhorfa á enskuframburð Íslendinga. Næstu þrjár greinar fjalla um málnotkun ungs fólks: Ragnheiður Jónsdóttir og Helga Hilmisdóttir bera saman rithátt slangurorða í könnun sem lögð var fyrir grunn- og framhaldsskólanema árin 2000 og 2020. Í fyrri könnuninni voru svörin skrifuð á blað en í þeirri seinni beint í síma eða tölvur. Helga Hilmisdóttir skoðar orðaforða tveggja fimmtán ára drengja sem eru að spila tölvuleik á netinu og Finnur Friðriksson og Asgrímur Angantýsson rýna í netspjall ungs fólks og skoða notkun þess á málvíxlum. Í grein Agnesar Sólmundsdóttur, Dagbjartar Guðmundsdóttur, Lilju Bjarkar Stefánsdóttur og Antons Karls Ingasonar velta höfundar fyrir sér kynjahalla í vélþýðingum. Að lokum fjallar Ari Páll Kristinsson um það hvernig rannsóknir á stafrænu málsambýli geta varpað nýju ljósi á meginþræði íslenskrar málstefnu. Ritið er gefið út á rafrænu formi hjá Hugvísindastofnun Háskóla Íslands (sjá <https://ritid.hi.is/index.php/ritid>).

Alls konar íslenska. Hundrað þættir um íslenskt mál á 21. öld.
Eiríkur Rögnvaldsson. Reykjavík: Mál og menning, 2022. (355 bls.) ISBN 978-9979-3-4515-2.

Bókin skiptist í þrjá hluta: 1) Íslenska 21. aldar, 2) Málbrigði og 3) Íslensk málrækt. Hverjum hluta er skipt í stutta kafla sem eru um tvær til þrjár blaðsíður að lengd. Umfjöllunin er skrifuð í stuttu og hnitmiðuðu máli og studd með máldæmum. Kaflarnir er að meginupplagi safn pistla sem Eiríkur Rögnvaldsson birti í umræðuhópnum *Málsþjall* á Facebook frá hausti 2019. Í fyrsta hlutanum reifar höfundur bæði stór atriði og smá, t.d. atriði á borð við málvenjur, ábyrgð málnotenda og kynjað mál en Eiríkur hefur á undanförunum misserum verið einn helsti talsmaður þess að færa íslenskt mál í átt að kynhlutleysi. Í öðrum hluta fjallar hann um ýmis málfarsleg atriði sem hafa lengi verið deilumál í íslensku samfélagi. Þar má t.d. nefna málfraeðileg atriði á borð við nýju þolmyndina, eintöluorð í fleirtölu og „þágufallssýki“. Einnig reifar hann ýmiss konar orð og orðasambönd sem vakið hafa deilur í gegnum tíðina. Þar má nefna orðalag á borð við *léleg gæði* og *versla vörur* og umdeild orð eins og *ristavél*. Í síðasta hlutanum fjallar Eiríkur svo um málrækt í víðu samhengi. Þar er fjallað um hugtök á borð við menningarverðmæti, þjóðrembu, málsnið, fjölbreytni og hefðir. Í þessum hluta, sem og í bókinni allri, er lögð áhersla á víðsýni og umburðarlyndi gagnvart öðrum málhöfum á öllum aldri.